

Samþykktir Reka, félags viðskiptafræðinema við Háskólann á Akureyri

Kaflí I – Grunnreglur félagsins

1. gr. Um félagið

Félagið heitir Reki, og er deildarfélag viðskiptafræðinema við Háskólann á Akureyri.

Félagið hefur kennitöluna 560191-2009, og er heimili þess og varnarþing á Akureyri.

2. gr. Um félagaaðild

Félagsmenn eru innritaðir nemendur viðskiptadeildar Heilbrigðis-, viðskipta og raunvísindasvið við Háskólann á Akureyri, sem hafa greitt innritunargjald til skólans og skráð sig í Reka.

a) Frestur til að skrá sig í félagið rennur út klukkan 23:59, 15. september ár hvert og ber félagsmönnum að uppfæra skráningar sínar árlega.

- b) Hver meðlimur getur skráð sig úr félaginu ef hann kýs, hvort sem hann skiptir um deild eða af öðrum ástæðum.
- c) Óski stúdent eftir að skrá sig í félagið eftir að skráningarfrestur rennur út skal sá hin sami hafa samband við SHA.
- d) Meðlimur getur einungis verið skráður í Reka og ekki er leyfilegt að vera skráður í annað félag.

3. gr. Tilgangur félagsins

Tilgangur Reka er fjórþættur:

- a) Að gæta hagsmuna félagsmeðlima sinna og að vera málsvari þeirra innan Háskólans sem og utan.
- b) Að efla innbyrðis tengsl félagsmeðlima sinna og virkja þá til þátttöku í störfum félagsins.
- c) Að efla tengsl stúdenta við fyrirtæki á sviði viðskiptafræða.
- d) Að standa fyrir ferðum, fræðslufundum og skemmtunum fyrir félagsmeðlimi sína.

4. gr. Aðild Reka að öðrum félögum

Reki er beinn aðili að Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri (SHA).

Kafli II – Stjórn félagsins

5. gr. Um stjórn Reka

Stjórn Reka skal að jafnaði skipuð 5 staðarnemum sem uppfylla skilyrði 2. gr. um félagsaðild. Þeir skulu gegna eftirfarandi embættum:

Forseti

- i. Forseti Reka er í forsvari fyrir félagið, málsvari félagsins og tengiliður þess við SHA. Hann boðar til almennra félagsfunda, aðalfunda og stjórnarfunda Reka. Hann skal sitja fundi Stúdentaráðs SHA.
- ii. Forseti er kosinn í kosningu fyrir eða á aðalfundi Reka ár hvert. Ef ekkert framboð berst óskar stjórn Reka eftir framboðum eftir aðalfund. Það er gert á samfélagsmiðlum Reka og framboð skulu send með tölvupósti.
- iii. Forseti situr deildarfundi viðskiptadeildar og fræðasviðsfundi Heilbrigðis-, viðskipta og raunvísindasvið fyrir hönd stúdenta. Einnig situr forseti sem fulltrúi stúdenta á Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviði á stjórnarfundum Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs (áður deildarráðsfundir).

Varaforseti

- i. Varaforseti er staðgengill forseta og er honum innan handar við daglega stjórn félagsins. Hann ritar fundargerðir félagsins. Varaforseti er kosinn í kosningu fyrir eða á aðalfundi Reka ár hvert. Ef ekkert framboð berst óskar stjórn Reka eftir framboðum eftir aðalfund. Það er gert á samfélagsmiðlum Reka og framboð skulu send með tölvupósti.

Fjármálastjóri

- i. Fjármálastjóri annast fjármálastjórn og reikningsskil félagsins í samráði við stjórn (sjá nánar í 20. gr.).
- ii. Fjármálastjóri er kosinn í kosningu fyrir eða á aðalfundi Reka ár hvert. Ef ekkert framboð berst óskar stjórn Reka eftir framboðum eftir aðalfund. Það er gert á samfélagsmiðlum Reka og framboð skulu send með tölvupósti.
- iii. Fjármálastjóra er skylt að skila nýrri stjórn löglegu bókhaldi á kynningarfundi með nýjum fjármálastjóra.

Meðstjórnandi

- i. Meðstjórnandi er kosinn í kosningu fyrir eða á aðalfundi Reka ár hvert. Ef ekkert framboð berst óskar stjórn Reka eftir framboðum eftir aðalfund. Það er gert á samfélagsmiðlum Reka og framboð skulu send með tölvupósti. Hann sinnir almennum störfum félagsins ásamt öðrum stjórnarmeðlimum.
- ii. Heimilt er að hafa tvo meðstjórnanda í fastastjórn.

Nýnemafulltrúi

- i. Nýnemafulltrúi er kosinn í upphafi haustannar af nýnemum, hvert ár og skal hann starfa með stjórn félagsins til lok vorannar og er tengiliður stjórnar við nýnema í viðskiptafræði. Nýnemafulltrúi aðstoðar einnig við stjórn félagsins og skipulagningu viðburða.

6. gr. Aðrir tengiliðir við stjórn Reka

a) Viðburðanefnd

Fulltrúi situr fyrir hönd Reka í viðburðanefnd SHA. Fulltrúi þessi er kosinn í kosningu fyrir eða á aðalfundi Reka ár hvert. Ef ekkert framboð berst óskar stjórn Reka eftir framboðum eftir aðalfund. Það er gert á samfélagsmiðlum Reka og framboð skulu send með tölvupósti.

b) Alþjóðanefnd

Fulltrúi situr fyrir hönd Reka í alþjóðanefnd SHA. Fulltrúi þessi er kosinn í kosningu fyrir eða á aðalfundi Reka ár hvert. Ef ekkert framboð berst óskar stjórn Reka eftir framboðum eftir aðalfund. Það er gert á samfélagsmiðlum Reka og framboð skulu send með tölvupósti.

c) Kynnigarnefnd

Fulltrúi situr fyrir hönd Reka í kynningarnefnd SHA. Fulltrúi þessi er kosinn í kosningu fyrir eða á aðalfundi Reka ár hvert. Ef ekkert framboð berst óskar stjórn Reka eftir framboðum eftir aðalfund. Það er gert á samfélagsmiðlum Reka og framboð skulu send með tölvupósti.

d) Náms- og matsnefnd

Fulltrúi situr fyrir hönd Reka í Náms- og matsnefnd. Fulltrúi þessi er kosinn í kosningu fyrir eða á aðalfundi Reka ár hvert. Ef ekkert framboð berst óskar stjórn Reka eftir framboðum eftir aðalfund. Það er gert á samfélagsmiðlum Reka og framboð skulu send með tölvupósti.

7. gr. Stjórnarfundir

- Stjórnarfundir Reka eru æðsta vald félagsins milli aðalfunda, og eru þeir boðaðir af formanni þegar ástæða þykir til.
- Æskilegt er að stjórnarmenn í stjórn Reka mæti til stjórnarfunda félagsins. Velja skal fundartíma sem flestir stjórnarmenn geta sætt sig við. Stjórnarfundur telst aðeins ályktunarbær ef hann sitja meirihluti stjórnarmeðlima í stjórn Reka.

8. gr. Kjörtímabil stjórnar

Kjörtímabil stjórnar Reka er eitt ár í senn, frá aðalfundi þar sem stjórnarmeðlimir voru kjörnir og að næsta aðalfundi. Stjórnarskipti skulu fara fram á fyrsta fundi Reka eftir aðalfund.

9. gr. Breytingar á stjórn

- Víki forseti úr stjórn Reka skal varaforseti Reka taka við embætti forseta. Við embætti varaforsetans skal þá annar stjórnarmeðlimur taka við stöðu varaforseta, að öðrum kosti skal kosið í embætti varaforseta úr félagsmeðlimum Reka.
- Hætti varaforsetir eða fjármálastjóri í stjórn Reka skal annar stjórnarmeðlimur taka við, annar en forseti, að öðrum kosti skal kosið í embættið úr félagsmeðlimum Reka.

- Hætti meðstjórnandi er öðrum stjórnarmeðlim heimilt að taka við starfsskyldum hans, að öðrum kosti skal kosið í embættið úr félagsmeðlimum Reka.
- Hætti nýnemafulltrúi í stjórn Reka skal stjórn Reka kjósa viðeigandi fulltrúa í hans stað. Ekki er skylt að manna þessa stöðu, bjóði sig enginn fram í hana. Allar breytingar sem kunna að verða á stjórn Reka skulu auglýstar á samfélagsmiðlum Reka.

10. gr. Aðrar reglur um stjórn Reka

Þeir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa á vegum Reka skulu ávallt gæta trúnaðar gagnvart einstaka stúdentum, komi upp viðkvæm mál er að þeim snúa.

Þeim sem gegna störfum í þágu Reka er með öllu óheimilt að þiggja laun fyrir störf sín.

Kafli III – Aðalfundir og aðrir félagsfundir

11. gr. Hlutverk aðalfunda

Aðalfundur er æðsta vald í málefnum Reka. Á aðalfundi er kosið í embætti forseta, varaforseta, fjármálastjóra, meðstjórnanda og aðra fulltrúa sem tilgreindir eru í 6.gr. Á aðalfundi skulu samþykktabreytingar tillögur bornar til atkvæða, ef einhverjar eru.

12. gr. Tímasetning aðalfunda

Aðalfundir Reka skulu haldnir árlega innan einnar viku fyrir aðalfundi SHA. Þó er heimilt að bregða frá framangreindum dagsetningum í samráði við Stúdentaráð SHA.

13. gr. Boðun aðalfunda

- Auglýsa ber aðalfund í síðasta lagi 7 sólarhringum fyrir áætlaðan fundardag.
- Aðalfund skal auglýsa á samfélagsmiðlum Reka.
- Við boðun aðalfundar skal auglýst eftir framboðum í embætti sem tilgreind eru í 11.gr. Veita skal framboðsfrest þar til 2 sólarhringum fyrir boðaðan aðalfund.
- Einnig skal auglýst eftir breytingartillögum á samþykktum félagsins, sem berast þurfa 2 sólarhringum fyrir boðaðan aðalfund. Breytingartillögur frá stjórn skulu kynntar á aðalfundi Reka.

14. gr. Kosningaréttur og kjörgengi á aðalfundum

Kosningarétt og eftir atvikum kjörgengi hafa þeir sem uppfylla skilyrði 2. gr. um félagaaðild.

15. gr. Lögmæti aðalfundar

Aðalfundur telst löglegur og ályktunarbær hafi hann verið boðaður skv.

samþykktum Reka.

16. gr. Dagskrá aðalfundar er:

- 1) Fundur settur.
- 2) Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- 3) Skipun kjörnefndar.
- 4) Skýrsla forseta um liðið starfsár.
- 5) Skýrsla fjármálastjóra um liðið fjárhagsár. Reikningar bornir undir atkvæði.
- 6) Samþykktabreytingar.
- 7) Kosningar stjórnarmeðlima:

Forseti

Varaforseti

Fjármálastjóri

Meðstjórnandi

8. Kosning í önnur embætti: Fulltrúi Reka í:

Alþjóðanefnd

Kynninganefnd

Viðburðanefnd

Náms- og matsnefnd

9) Önnur mál.

10) Fundargerð aðalfundar lesin upp í lok fundar og borin undir atkvæði.

11) Aðalfundi slitið.

Fundargerð aðalfundar skal liggja fyrir á vefsíðu Reka innan viku frá aðalfundi.

17. gr. Samþykktabreytingar á aðalfundi

Samþykktum Reka má eigi breyta nema á aðalfundi. 2/3 atkvæða fundargesta sem uppfylla skilyrði 2. gr. um félagaaðild þarf til að samþykkja breytingartillögur.

18. gr. Kosningar í embætti til stjórnar Reka

- Kosið skal í öll embætti til stjórnar Reka: Forseta, varaforseta, fjármálastjóra og meðstjórnanda ásamt öðrum tengiliðum stjórnar Reka skv. 6.gr.
- Séu 2 eða fleiri í framboði til sama embættis skal kjósa á milli þeirra með leynilegri atkvæðagreiðslu. Verði jafnt á milli efstu meðlima skal kosið á milli þeirra á ný. Falli atkvæði aftur á jöfnu skal hlutkesti varpað.
- Hafi aðeins 1 framboð borist þegar framboðsfrestur er liðinn, þá skoðast viðkomandi sjálfkjörinn.

- Hafi ekkert framboð borist fyrir aðalfund skal óskað eftir framboðum úr sal.

19. gr. Kjörstjórnin

Kjörstjórn skal skipuð fráfarandi stjórnarmeðlimum sem ekki óska eftir endurkjöri í embætti, minnst 3 talsins. Vanti upp á að kjörstjórn nái 3 skulu valdir félagsmenn úr sal til starfa í kjörstjórn.

20. gr. Almennir félagsfundir

Almennir félagsfundir skulu boðaðir af formanni Reka þegar þurfa þykir. Þó skal halda félagsfund óski minnst 10 félagsmenn þess skriflega. Félagsfundir skulu boðaðir á samfélagsmiðlum Reka, með minnst 7 daga fyrirvara, þó skal félagsfundur ekki fara fram seinna en 14 dögum eftir að áskorun barst formanni.

Kafli IV – Fjármál félagsins

21. gr. Reikningsskil

- Reikningsár Reka skal miðast við tímabilið á milli stjórnarskipta félagsins.
- Fjármálastjóri skal annast reikningsskil félagsins og ber ábyrgð á þeim. Skýrsla fjármálastjóra um liðið fjárhagsár skal kynnt á aðalfundi Reka.

- Reikningsskil skulu fara fram minnst 7 dögum fyrir aðalfund SHA. Sé aðalfundur SHA haldinn á undan aðalfundi Reka skal fjármálastjóri framkvæma bráðabirgðareikningsskil, og skal hann afhenda fjármálastjóra SHA fjárhagsskýrslu minnst 7 dögum fyrir aðalfund SHA.
- Leitast skal við að rekstrarreikningi sé ekki skilað í tapi. Stjórn Reka skal ganga úr skugga um að lausafjárstaða félagsins við stjórnarskipti sé hvorki hærri né lægri en samþykktir SHA segja til um.

22. gr. Fjárhagslegar skuldbindingar og samningar

- Fjármálastjóra, sem prókúruhafa félagsins, er einum heimilt að gera fjárhagslegar skuldbindingar í nafni félagsins, í samráði við stjórn Reka. Stjórn Reka getur þó veitt forseta heimild til fjárhagslegra skuldbindinga í einstaka tilvikum.
- Stjórn Reka er heimilt að gera styrktar- og vöruskiptasamninga við einkafyrirtæki til að styrkja fjárhagslegan grunn Reka, svo lengi sem slíkir samningar samræmist við samþykktir Reka, brjóti ekki gegn góðum siðferðisgildum og eru ekki óeðlilega bindandi fyrir félagið.

Kafli V – Önnur starfsemi

23. gr. Kynningarfundur fyrir nýnema

Stjórn Reka skal í upphafi haustmisseris halda kynningarfund fyrir nýnema til að kynna nám í viðskiptafræði, félagið Reka og starfsemi þess. Auglýsa skal eftir framboðum í embætti fulltrúa nýnema, sjá e-lið 5.gr.

Kafli VI - Annað

24. gr. Sameiningar við önnur deildarfélög

- Óski önnur aðildarfélög við SHA eftir sameiningu við Reka skal stjórn Reka taka afstöðu til þess. Sé það ályktun stjórnar Reka að ganga til sameiningar við önnur félög skal stjórn Reka taka afstöðu til þess. Sé það ályktun meirihluta stjórnar Reka að ganga til sameiningar við önnur félög skal stjórn Reka undirbúa samþykktarbreytingartillögu þar að lútandi. Sé samþykktarbreytingartillagan samþykkt á aðalfundi Reka skoðast sameiningin gild, sé samþykktarbreytingartillagan felld skoðast sameiningin ógild.

25. gr. Slit félagsins

Aðeins má leggja félagið niður með samþykki 2/3 atkvæða á lögboðuðum aðalfundi Reka. Eigi félagið einhverjar eignir við niðurlagningu skulu þær ganga til SHA.

Nú verður kennslu hætt í viðskiptafræði eða öðrum rekstrar- og fjármálagreinum og skal þá félagið sjálfkrafa lagt niður við útskrift síðasta árgangs í ofangreindum námsgreinum.

26. gr. Stjórn reka er heimilt að greiða út umbun fyrir störf í þágu félagsins og skóla. Umbunin nemur að hámarki andvirðis aðgöngumiða á Árshátíð SHA. Þeir stúdenta sem eiga tilkall til umbunar er fráfarandi stjórn félagsins sem setið hefur allt kjörtímabilið og sinnt störfum sínum líkt og samþykktir kveða á um, aðilar sem sitja í fastanefndum SHA sem fulltrúar Reka og meðlimir sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Stjórn Reka er heimilt að veita ekki þessa umbun ef meðlimur hefur ekki sinnt störfum sínum líkt og samþykktir kveða á um eða ef fjárhagur félagsins leyfir það ekki.

27. gr. Reki fylgir í einu og öllu þeim verklagsreglum sem SHA hefur í gildi um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan SHA.

28. gr. Gildistaka samþykktana

- *Samþykktir þessar voru samþykkt á aðalfundi Reka þann 20. mars 2025.* Þeim er aðeins hægt að breyta á aðalfundi Reka, sbr. 17. gr. um samþykktabreytingar á aðalfundi.

- Stangist samþykktarákvæði í samþykktum Reka á við samþykktir SHA skulu samþykktir SHA ráða. Gera skal viðeigandi samþykktaúrbætur á næsta aðalfundi.
- Verði samþykktum SHA breytt á þann veg að það hafi áhrif á starfsemi Reka skal stjórn Reka gera viðeigandi ráðstafanir til að mæta viðkomandi breytingum. Gera skal viðeigandi samþykktaúrbætur á næsta aðalfundi.